

## AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollstuvernd ríkisins hefur veitt Sorpeyðingu Mið-Héraðs í Tjarnarlandi, Hjaltastaðaþinghá, kt. 700492-2069, starfsleyfi til að reka sorpurðunarstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2005.

*Hollstuvernd ríkisins, 2. janúar 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Helgi Jensson  
forstöðumaður.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í landi Reykjadals í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.**

Á fundi bæjarstjórn þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir land Reykjadals í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan tekur til alls lands Reykjadals og gerir ráð fyrir byggingarreit er tengist núverandi mannvirkjum á landinu. Einnig er útbúinn lóð á norðurmörkum landsins sem er u.p.b. 1 ha að stærð, með byggingarreit fyrir íbúðarhús og ylrækt. Vegur á norðurmörkum landsins er færður til, þannig að hann lendi á landamörkum aðliggjandi landa.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ.**

Á fundi bæjarstjórnar þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.